

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði, þriðjudaginn 13. ágúst klukkan 17:00.

Mættir eru: Þorgerður, Guðrún, Þorsteinn, Kristlaug, Einar, Óskar, Edda Kamilla, Svanbjört
Boðuð forföll:

Fundur númer 726

1. Fundur settur
Óskar setti fundinn klukkan 17:00
2. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerðin skoðast samþykkt.
3. Innsend bréf
- 48. Sambandsþing UMFÍ – boðað er til þess 12. og 13. október í Stykkishólmi. Við eigum rétt á fjórum fulltrúum (þrjá stjórnarmenn + formaður).
4. Styrkumsóknir
Engar styrkumsóknir hafa borist.
5. ULM 2013
Aðeins var um nýjungar í sambandi við flutning á dótinu austur, ekki var farið með bíl og kerru með dótinu, heldur var allt sett á bretti og Samskip flutti fyrir okkur dótið og kom með það á svæðið. Eins var með kjötið og allt tilheyrandi sem að var á laugardegnum, Kjarnafæði reddaði því að koma því á staðinn og mótsstjórn geymdi í kæli fyrir okkur fram á laugardag. Grillveislan tókst vel á laugardagskvöldinu.
Breyting var á innkomuna á völinn á Unglingalandsmótinu – allir fánaberar og skilti fóru í röð og síðan komu allir keppendur saman í einum hóp.
ULM 2014 er á Sauðárkrók og ULM 2015 er í Borgarnesi.
ÚÍA vann fyrirmyndarbikarinn.
Ánægja með keppenda fjölda sem voru að keppa frá UMSE en 44 einstaklingar kepptu.
Lögð áhersla á að haldið verði áfram að vera með kröfu á því að keppendur UMSE séu í UMSE göllum í skrudgöngunni það er að vekja eftirtekt áhorfenda hversu flott það lítur út að UMSE krakkar séu í göllumum.
6. Stefnumótun
Þorsteinn er að vinna í gagnasöfnuninni og greiningum. Stefnt er að ljúka vinnu við þetta í ágústlok – miðast við september fundinn.
Í sambandi við fund með fulltrúum sveitarfélaga og stjórnar UMSE, spurning hvort að ekki þurfi að fá einhvern utanaðkomandi til að stjórna fundi eins að vera búin að skipuleggja fundinn vel áður en hann mun eiga sér stað.
Óskar ætlar að leggja höfuðið í bleyti og tala við einstaklinga upp í HA.
7. Önnur mál
- Óskar sendi póst á knattspyrnunefnd eftir seinasta fund, ekki hefur borist neitt svar frá knattspyrnunefnd.
- Samningur milli Samskip/Landflutninga og UMSE er enn í skoðun – skoðast á næsta fundi.
- Mætti bæta það setja inn fréttir á heimasíðu UMSE.

8. Tilhögun næsta fundar
Næsti fundur 10. september klukkan 17:00 á Búgarði.
Þorgerður ætlar að koma með veitingar.
9. Fundarslit
Fundi slitið 18:15.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður